

Framtíð Íslands

og hin nýju vísindi.

I.

Í „Light“ 23. apríl þ. á. s. 262, er sagt frá tiltakanlega fróðlegu samtali við dr. Alexis Carrel, hinn fræga lækni sem eg hefi ritað um hér í Visi fyrir nokkuru. Dr. Carrel var, ásamt konu sinni, sem tekið hefir próf í læknisfræði og stundað lækn-ingar, staddur í kraftaverka-bænum Lourdes. Sagði hann frá því, er kona hans var þarna við-stödd helgigöngu með altaris-sakramentið, og hélt hún á barni 2½ árs gömlu, sem blint hafði verið frá fæðingu. Þegar ílátið með hinum vígða hlut, kom á móts við frú Carrel þar sem hún stóð með barnið í fangi sér, fóru að renna tár úr hinum lokuðu augum þess, og rélt á eftir voru augun opin og sjáandi. Dr. Carrel gat þess til, að í slíkum kraftaverkum væri að ræða um lifgefandi orku, sem ætti upptök sín annaðhvort í hinn sterku trú þeirra sem væru að leita sér bóta við mein-um sínum — slíkt virðist þó ekki geta komið til mála þegar um óvita er að ræða, einsog hið blinda barn — eða þá þeirra sem viðstaddir eru.

II.

Mér virðist það býsna eftir-tektavert, að hinn frægi læknir Dr. Alexis Carrel, sem flestir munu telja fyrirmyndar raun-visindamann og stóra rann-sókna- og tilraunastofnun hefir til umráða, skuli vera í tölu þeirra sem segja að ekki verði á móti því borið að hin ótrúlegu kraftaverk í Lourdes, eigi sér stað. En ekki virðist mér dr. Carrel vera alveg á vísindaleið í þessum efnum; fremur en ann-ar frægur læknir, dr. Alexander Cannon, sem mörgum Íslend-ingum (er ekki lesa ensku) mun vera kunnur af því sem „Eim-reiðin“ hefir af honum sagt og eftir hann flutt. Hvorugum þessara miklu gáfumanna virð-ist vera það alveg ljóst, að vér þurfum að fá vísindin aukin, og getum aukið þau, um nýja grein, sem nefna mætti lifafl-fræði (Biodynamik). Og mun sú vísindaaukning verða jafnvel ennþá þýðingarmeiri fyrir læknisfræðina heldur en hinar miklu þekkingarsigurvinningar 19. aldarinnar, frumfræðin og gerla- og sýklafræðin. Upphaf þessarar stórkostlegu vísinda-aukningar er, að menn átti sig

Uvir 13 maí 1936

á því að lífmagnan á sér stað, flutningur (transfer, trans- mission) á lífsorku, og finni magnanarlögmálin, stillilögmálið og sambandið við fullkomu- ari lífverur á öðrum jarðar- línöttum í himingeinum. Því að frá þeim er það sem hin magnandi lífsorka stafar, þó að vísu nokkuð geti stafað frá mannfjöldanum sem viðstaddur er lækningakraftaverkin. Hinn vígði, magnaði hlutur (hostian, „verum corpus“) sem borinn var þarna í helgigöngunni er hið blinda barn fékk sjónina, hefir sterk samstillandi áhrif á hinn trúaða mannfjölda og á þannig drjúgan þátt í því, að þarna getur orðið nokkurskon- ar móttökustöð fyrir lífsorku, lífmagnanarstöð. En þó er svo að sjá, sem lækningar af þessu tagi, takist ekki nema stundum, þegar aðeins er um trú að ræða án þekkingar, og þá er einnig óefað ekki einsog á að vera, þegar lækningin fer að einhverju leyti fram á kostnað lífsorku þeirra sem viðstaddir eru, eins og virðist a. m. k. stundum eiga sér stað.

III.

Eg gat þess í grein um dag- inn, hversu frægð og heill Ís- lands gæti aukist í sambandi við þau efni sem hér hefir verið vikið á. Og það er ekki vafi á því, að eg hefi rétt fyrir mér.

Og vissulega er á því hin mesta nauðsyn, að Ísland fari að verða í sannleika farsælda Frón, eins og það gæti orðið, og eigi einungis fyrir vora þjóð. En yfir hinn íslensku þjóð vofa nú stærri hættur en nokkru sinni áður hefir að borið, svo stórar, að ef voðinn skellur á, mun þess ekki langt að biða, að sögu þjóðarinnar verði með öllu lokið. Sá sem þetta ritar er hinn sami sem í apríl 1914, sagði hika- laust, að yfir mannkyninu vofðu nú verri tíðindi en orðið hefðu í sögu þess áður. Íslendingar hafa sennilega verið ófarsælasta þjóð jarðarinnar — norska þjóðin nálega þrefaldaðist frá 1200—1800, en á sama tímabili fækkaði Íslendingum um ná- lega $\frac{2}{3}$ — og ef ekki tekst að vinna bug á Helstefnunni, munu Íslendingar verða fyrsta þjóðin, sem liður algerlega undir lok. Og þó gæti Ísland orðið far- sælda Frón, og það eigi einungis fyrir þjóðina sjálfa, heldur einn- ig fyrir aðrar þjóðir, það land sem allir teldu sig þurfa að sjá, það land sem þúsundir og jafn- vel miljónir heimsæktu til að aukast þar að heilbrigði, vísku og fegurð. Framtíðin mun telja það athyglisvert, hvernig flest virðist hér á landi, að meira eða minna leyti hafa mis- tekist, þrátt fyrir stórmerkileg tilþrif og framúrskarandi dugu- að bæði til sjós og lands, á sama

Franklin D. Roosevelt

tíma sem Alþingi telur ekki taka því, að veita mér svo fé, að mér sé viðvært — þrátt fyrir það þó að eg fái ekki einn eyri fyrir ritgerðir sem einhvern tíma verða taldar með því allra þýðingarmesta sem fram hefir komið á þessum árum, og mætti þar nefna t. d. hina þýsku ritgerð mína um eðli, uppruna og framtíð lífsins: Über Wesen, Ursprung und Zukunft des Lebens. Er þar í stuttu máli, en þó nægilega ljóst, gerð grein fyrir þeim visindaauka sem ekki verður án verið, ef Lífstefnan á að geta sigrað. —

5. maí.

Helgi Pjeturss.
